

**Vesturbyggð**

B.t. Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti 75,
450 Patreksfjörður

Efni: Landfylling fyrir nýtt íbúðar-, mið- og stofnunarsvæði – skipulagslýsing fyrir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar, málsnúmer 1147/2024

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar dags. 22.10.2024, þar sem óskað er umsagnar Vegagerðarinnar um ofangreinda tillögu. Vegagerðin hefur yfirfarið skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd. Málsnúmer 1147/2024

Síða 1/1

Stofnunin bendir á eftirfarandi:

Vegagerðin minnir á Vegalög nr. 80/2007 en þar koma m.a. fram ákvæði um veghelgunarsvæði og tengingar við þjóðvegi. Allar tengingar við þjóðvegi eru háðar samþykki Vegagerðarinnar. skv. Vegalögum er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega.

Stofnunin óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum og bendir á að halda skal fjölda tenginga við Barðastrandaveg (62-07) í lágmarki og vanda útfærslu þeirra í samræmi við gildandi veghönnunarreglur og að haft verði samráð við stofnunina varðandi útfærslu tenginga og fjölda þeirra.

Vegagerðin minnir á að stofnunin er umsagnaraðili um aðalskipulag og deiliskipulag á lágsvæðum við sjó þar sem hætta er á sjávarflóðum. Við umsögnina er litið til viðmiðunarreglna Vegagerðarinnar um lágmarks land- og gólfhæðir sem taka mið af jarðskorpuhreyfingum og sjávarstöðuhækkunum sem ákvarðaðar eru hverju sinni miðað við nýjustu upplýsingar.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift

SIGURÐUR FRIÐGEIR